

Lög

um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 (úthlutun tollkvóta).

1. gr.

Í stað númeranna 0602.9091, 0602.9093, 0603.1100, 0603.1400 og 0603.1909 í 2. másl. 1. mgr. 65. gr. laganna kemur: 0602.9081–9083, 0602.9088, 0602.9093, 0603.1100, 0603.1400, 0603.1906–1908, 0603.1911–1918 og 0603.1999.

2. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir 7.–9. másl. 3. mgr. 65. gr. skal verð tollkvóta frá og með gildistöku ákvæðis þessa til 1. ágúst 2022 ráðast af fjárhæð tilboða hverju sinni. Kvótanum verður því fyrst úthlutað til hæstbjóðanda, svo til þess er næsthæst bauð og þannig koll af kalli uns tiltækum kvóta hefur verið úthlutað.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 18. desember 2020.